



DAGUR: 09.05.2023	TILHEYRIR: „spretverkefni“- 1.feb.-31.maí 2023 <i>*Móttaka skemmtiferðaskipa og skipafarþega á Snæfellsnesi</i>
HVAÐ: Fundapunktur; netfundur um öryggismál	HVAR: TEAMS
HEITI VIÐFANGSEFNIS: <i>Upplýsinga- og samráðsfundur um öryggismál varðandi móttöku skemmtiferðaskipa og skipafarþega á Snæfellsnesi</i>	verkefnisstjóri: Margrét Björk Á&M SSV -aðstoð við fund: Sigurborg Kr. Hannesdóttir ILDI - tengiliðir samstarfsaðila í verkefni: Jón Sindri í Stykkishólmi, Björg í Grundarfirði, Heimir í Snæfellsbæ, Rut í Snæfellsjökulsþjóðgarði.
HVERJIR: Fundarboð sent til fulltrúa eftirfarandi móttöku-, öryggis- og viðbragðsaðila á Snæfellsnesi - Sjá lista hér fyrir neðan	

*Þessi fundur er boðaður vegna framkominna beiðna frá þátttakendum á vinnufundum í verkefninu „Móttaka skemmtiferðaskipa og skipafarþega á Snæfellsnesi“ sjá nánar: <https://www.west.is/is/verkefni-i-vinnslu> (efsti flettiþilpi á síðunni)

Fundarboð sent til fulltrúa eftirfarandi móttöku-, öryggis- og viðbragðsaðila á Snæfellsnesi

- Stykkishólmshöfn
- Slökkvilið Stykkishólms
- Björgunarsveitin Berserkir
- Grundarfjarðarhöfn
- Slökkvilið Grundarfjarðar
- Björgunarsveitin Klakkur
- Hafnir Snæfellsbæjar
- Slökkvilið Snæfellsbæjar
- Björgunarsveitin Lífsbjörg
- Yfirmaður sjúkraflutninga á Snæfellsnesi
- Fulltrúi Lögreglunnar á Snæfellsnesi
- Fulltrúi Heilsugæslunnar á Snæfellsnesi
- Fulltrúi GÁRU á Snæfellsnesi
- Fulltrúi AECO
- Fulltrúi frá CLIA?
- Fulltrúar samstarfsaðila þessa verkefnis – þ.e. sveitarfélögin á Snæfellsnesi og þjóðgarðurinn.

- Markmið þessa fundar er að gera grófa stöðugreiningu og heyra í þátttakendum fundarins hvað þeir hafa að segja varðandi öryggismál - hlutverk og ábyrgð viðbragðsaðila þegar kemur að móttöku skemmtiferðaskipa og skipafarþega á Snæfellsnesi.
- Það verður gert með samtali og gagnvirkri upplýsingagjöf þátttakenda á fundinum – þar sem viðstaddir munu leggja línurnar um áherslur og mikilvægi þeirra þátta sem þarf að ræða og hvað þarf að skoða betur varðandi þessi mál.
- Þessi fundur er ætlaður til að fá upplýsingar frá þátttakendum varðandi áskoranir og/eða vandamál sem hafa komið upp – eða þeir telja að gætu komið upp vegna móttöku á skemmtiferðaskipum og skipafarþegum á Snæfellsnesi.
- Þetta er **bara klukkutíma** langur fundur með þátttöku **fulltrúa** frá hverjum af áðurnefndum móttöku-, viðbragðs- og öryggisaðilum á Snæfellsnesi
- Þar sem þetta eru margir aðilar og stuttur tími – **þá þurfa allir að vera stuttur og hnitmiðaðir í allri umræðu** - til að fundurinn sé skilvirkur og skili árangri

- Þessi fundur er ekki ætlaður til að segja frá eða ræða einstaka mál sem upp hafa komið varðandi móttöku skemmtiferðaskipa og skipafarþega á Snæfellsnesi
- Þátttakendur á þessum fundi geta svo ákveðið hvort ástæða er til að vinna frekar að þessu máli með fleiri fundum, samtali og/eða samvinnu á þessum vettvangi

Umræðuefni fundarins:

Hvaða áskoranir varðandi öryggismál sjáið þið varðandi móttöku skemmtiferðaskipa og skipafarþega á Snæfellsnesi – og hafið þið áhyggjur af einhverju í þessu sambandi?

Slökkviliðin

- Ef eitthvað kemur fyrir þessi stóru skip inn í höfn – þá væri það ansi stórt verkefni fyrir lítil slökkvilið
- Atvik á sjó heyrir undir Landhelgisgæsluna, en viðbragðsaðilar heima fyrir myndu alltaf vera með í að vinna verkin
- Eiga slökkviliðin búnað og efni til að bregðast við stórum verkefnum?
- Það tekur allavega klukkutíma að fá aðstoð annarsstaðar frá – t.d. ef það er eldsvoði
- Líka ef það verða rútuslys – þá getur það verið mjög erfitt fyrir björgunaraðila á Snæfellsnesi að anna því – bæði hvað varðar mannskap og búnað
- Er mannaflí á bakvöktum hjá viðbragðsaðilum allt árið – t.d. í sumarfríum til að sinna þessum verkefnum ef þau koma upp?
- Það er yfirleitt alltaf bakvakt stjórnanda – en ekki meira – það er ekki gert ráð fyrir auknu álagi vegna skemmtiferðaskipa eða fjölgunar ferðamanna í vaktaplönnum
- Það er samtali milli slökkviliða á Snæfellsnesi – þannig að reynt er að bakka hvert annað upp
- Það er mikilvægt að almannavarnir á svæðinu standi fyrir stórri og góðri æfingu viðbragðsaðila varðandi björgun sem tekur mið af fjölda ferðamanna á svæðinu
- Það liggja fyrir drög af viðbragðsáætlun vegna sjóslysa á Breiðafirði
- Stefnt er að því að haldnar æfingar byggðar á nýrri viðbragðsáætlun vegna sjóslysa á Breiðafirði.
- Skrifborðsæfing í haust og æfing á staðnum næsta vor.

Björgunarsveitirnar

- Það er eitt björgunarskip á svæðinu – sem er í Rífi en enginn lóðsbátur – hvernig á að anna svona stórum verkefnum ef eitthvað kemur upp á – t.d. stóru skipin sem eru að koma
- Þurfa hafnirnar við Breiðafjörð ekki að eiga lóðsbát saman?
- Það eru bara sjálfboðaliðar sem vinna á björgunarbátunum – og því geta þeir ekki sinnt því að lóðsa stór skip inn í hafnir
- Sjálfboðaliðar geta ekki tekið ábyrgð á svona verkefnum
- Björgunarsveitir eiga bara að aðstoða þegar það eru orðin einhver óhöpp en ekki veita almenna þjónustu
- Þó við leggjum öll björgunarskip á Íslandi saman – þá gætum við ekki bjargað stóru skemmtiferðaskipi
- Við höfum ekki bjargir nema fyrir rétt rúmlega „Baldur“ á Breiðafirði
- Það verður að vera vottaður lóðsí öllum höfnum
- Það þarf kannski ekki að vera lóðsbátur á svæðinu – en það þarf að vera vottaður lóðs
- Vottaðir lóðsar geta farið um borð í skipin og lóðsað þau til hafnar – en það er alltaf skipstjórinn á skipinu sem ber ábyrgðina
- Það stendur til að fara í æfingu vegna hafnarverndar Grundarfjarðarhafnar í vor og vonandi verður samstarf við allar björgunarsveitir og hafnir á svæðinu

HVE – heilsugæslan og sjúkraflutningar

- Það hefur komið til að heilsugæslan og sjúkraflutningsmenn hafa þurft að fara bæði um borð í skip og út í eyjar til að sinna útköllum – en eru kannski ekki með græjur í slík verkefni
- Það þarf að kanna hver á að græja og hafa tilbúna græjur – t.d. björgunarvesti og galla fyrir þá sem þurfa að fara í svona útköll – eru það kannski björgunarsveitir eða þarf heilbrigðisstarfsfólk að vera með slíkan búnað hjá sér?
- Viðbragðið á Snæfellsnesi eru 5 sjúkrabílar – svo ef það dugir ekki þá er það Borgarfjörður, Akranes og RVK sem bætist við í útkall – sem getur verið allt að 90 - 100 mín bið eftir aukahjálpm sem veltur á staðsetningu á slysi
- Það þarf að skilgreina fjöldahjálparstöðvar á Snæfellsnesi – sem á að virkja ef það verður stórt slys – t.d. rútuslys - einnig söfnunarsvæði fyrir slasaða, þar sem þarf að safna saman fólki á einn stað til að hlúa að því
- Það er hvergi sjúkraflugvöllur á Snæfellsnesi – svo það eru bara þyrlurnar sem gætu komið til bjargar auk sjúkrabíla
- Það er alger lágmarks-vöktun á heilsugæslunum á Snæfellsnesi í sumar – bæði lækna og hjúkrunarfræðingar
- Það er skortur á starfsfólki – svo aðstoðin verður að koma annarsstaðar frá
- Það hefur ekki verið gert sérstaklega ráð fyrir auknu álagi vegna koma skemmtiferðaskipa eða ferðafólks í vaktaplönunum

Lögreglan

- Innan hafnarsvæða þá er það lögreglan sem sér um stjórnun ef það kemur eitthvað upp á
- Það eru ekki margir lögreglumenn starfandi á Snæfellsnesi og bara tveir bílar
- Aðstoðin kæmi þá annarsstaðar frá – eins og með sjúkraflutningana – og getur það verið löng bið í aðstoð ef eitthvað mikið kemur upp á
- Aðgerðastjórn færir líka mögulega annað
- Það er mikilvægt að það séu skilgreindar fjöldahjálparstöðvar og allir þekki til hvar þær eru á hverjum stað
- Líklegasta áskorunin er að það gæti orðið rútuslys – og hvort það er þá til mannskapur og græjur til að takast á við það
- Það er áhætta sem við horfum upp á alla daga – ekki bara skipadaga – því það er mjög vaxandi umferð á Snæfellsnesi og stórum rútum á vegunum fer aftur fjölgandi

Niðurstaða- næstu skref:

- **Viðbragðsaðilar og fulltrúar hafnanna komi saman í haust og beri saman bækur sínar og fari yfir sumarið – hvað gekk vel og hvað má betur fara**
 - Einar Strand og Hafsteinn Garðarsson kalla saman fundinn
- **Taka þetta málefni til umræðu í Almannavarnanefnd – benda sérstaklega á eftirfarandi:**
 - ✓ Það þarf að fara yfir viðbragðsáætlanir og halda sameiginlega æfingu allra viðbragðsaðila varðandi stór slys – t.d. rútuslys / sjóslys
 - ✓ Það þarf að taka saman, hafa aðgengilegt og upplýsa alla viðbragðsaðila um hvaða bjargar eru til staðar og hvar eru söfnunarstaðir/fjöldahjálparstöðvar á hverju svæði ef á þarf að halda
 - Björg Ágústdóttir sendir erindi til Almannavarnanefndar